

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1998

28. ágúst 1998

1693

Nr. 516

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 21. ágúst 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Dimmuhvarf. Í breytingunni felst að tvær einbýlishúsalóðir eru gerðar að einni, Dimmuhvarfi 2. Á lóðinni er fyrirhugað að byggja einnar hæðar íbúðarhús, heimili fyrir einhverfa, um 470 m² að flatarmáli.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 6. júlí til 7. ágúst 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Kópavogi, 28. ágúst 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

27. ágúst 1998

Nr. 517

TILKYNNING

nr. 2/1998 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. september 1998 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,80 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,80 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 27. ágúst 1998.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.